

2016

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 426/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Stefáni Sigurðssyni

(Brynjar Níelsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. október sl., sem barst réttinum 17. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 15. nóvember nk. kl. 16.00.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 14. október sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um stórfelld brot gegn 248. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í tengslum við fjármálasamskipti sín við sex konur. Upphaf þeirrar rannsóknar verður rakið til kæru Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmans til sóknaraðila 14. mars 1994 varðandi samskipti varnaraðila við þrjár þessara kvenna. Mánuði síðar kom fram kæra frá hinni fjórðu. Hefur sóknaraðili staðið allar götur síðan að rannsókn málsins, meðal annars með öflun gagna frá ýmsum lánastofnunum. Lögregluskýrslur voru teknar af kærendum á tímabilinu 18. maí til 29. júlí sl. að einni konu undanskilinni, en andlegt ástand hennar þótti ekki gefa tilefni til skýrslutöku. Í vottorði Lárusar Helgasonar, lækni á geðdeild Landspítalans, dagsettu 16. júní sl., kemur þó fram, að hún hafi þá verið fær um að gefa skýrslu um málsatvik. Rannsókn málsins, að því er varðar fjármálasamskipti varnaraðila og fjögurra kvennanna, hafði þannig varað í sex mánuði, er varnaraðili var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Af gögnum málsins verður

ráðið, að flest þau skjöl, er málinu tengjast, séu þegar komin fram. Þykja því ekki, eins og málið liggur nú fyrir, efni til að verða við kröfu sóknaraðila um lengra gæsluvarðhald varnaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Stefáni Sigurðssyni, kt. 080544-3169, leigubifreiðarstjóra, Kötlufellu 9, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 32 daga, til 15. nóvember nk. kl. 16.00.

RLR kveðst vinna að rannsókn á ætluðum brotum Stefáns gegn 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga. Á grundvelli kæru og gagna, er aflað hafi verið, beinist grunur að því, að kærði hafi komist yfir um 15 milljónir króna með því að fá sex konur til að gangast undir fjárskuldbindingar í sína þágu eða ganga í ábyrgðir fyrir hann.

Því er haldið fram, að kærði virðist ætíð hafa með svipuðum hætti skýrt fjárhagsvandræði sín fyrir konum þessum og með því móti hafi honum tekist að fá þær til að takast á hendur fjárskuldbindingar sín vegna svo og að láta hann hafa fé. Kynni hans af konunum hafi yfirleitt ekki staðið lengi, er honum hafi tekist að fá þær til að taka á sig fjárskuldbindingar.

Konur þessar eru taldar í gögnum málsins og því jafnframt lýst, að geðheilsa a. m. k. einnar þeirra sé ekki góð. Þar er einnig upptalning skuldbindinga, er rannsókn beinist að, og er þar um talsvert háar fjárkröfur að ræða. Lögreglan telur, að skuldbindingar þessar séu umfram það, sem konurnar geti með góðu móti ráðið við.

Kærði staðfesti fyrir dómi, að konur þessar hefðu gengið í ábyrgðir fyrir sig og tekið lán beint fyrir sig. Þær hafi hins vegar gert þetta að eigin frumkvæði, og kveðst hann telja sig geta staðið við þessar skuldbindingar, ef þær verði til samvinnu um skuldbreytingar. Vegna heilsubrests hafi hann lítið getað stundað vinnu á þessu og síðasta ári og því ekki haft miklar tekjur.

Rannsókn þessa máls hefur staðið um nokkurn tíma, en þó verður ekki sagt, að hún sé komin langt á veg. Enn er eftir að taka nákvæmar skýrslur af kærendum og yfirheyrja kærða mun nánar. Þá sýnast samprófanir munu verða tímafrekar.

Telja verður nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins, að kærða verði gert ókleift að hafa samband við kærendur og aðra brotaþola. Rannsókn beinist

2018

að ætluðum brotum, sem gætu varðað fangelsisrefsingu skv. 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt heimild í a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður kærða því gert að sæta gæsluvarðhaldi. Ekki er þó unnt að ákveða varðhaldstímann svo langan sem krafist er, en hann verður ákveðinn til mánudags 24. október nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Stefán Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudags 24. október 1994 kl. 16.00.
